



GarageBand á iPad & iPhone

Effektar og gervihljóðfæri

GarageBand er app sem fylgir frítt með Apple iPhone, iPad og Mac. Forritið er gert til þess að taka upp hljóð og búa til tónlist. GarageBand er nánast eins í síma og spjaldtölvu, en aðeins öðruvísi í tölvu. Hér má lesa hvernig það er notað í iPhone og iPad.

Effektar

Þegar verið er að taka upp hljóðfæraleik eða söng má vinna hljóðið betur svo það hljómar sem best og hljóðfærið/söngurinn passar betur við öll hin hljóðfærin. Þetta er gert með því að nota effekta – annaðhvort fyrir upptöku eða á eftir. Helstu effektarnir eru:


Tone/Eq/Equalizer	Tónstillir – bjart eða dimmt (oft merkt <i>low</i> , <i>mid</i> og <i>high</i>)
Compressor	Jafnar tóninn, minni munur á sterkt og veikt.
Delay	Bergmál sem hermir
Reverb	Bergmál eins og í til dæmis kirkju (merkt <i>Vocal Hall</i> hér fyrir neðan)



Allar rásar bjóða ekki upp á sömu effekta. Hér má sjá söng-rás þar sem er líka *Pitch Control* (til að laga falskar nótur) og *Drive* (bjögun). Með því að ýta á hljóðnemann í miðjunni má líka velja forstillingar sem hljóma mjög vel. Ekki gleyma að prófa að ýta á *Fun* líka!

Gervihljóðfæri

Hljómborð hafa lengi geta hermt eftir öðrum hljóðfærum, eins og flautu, lúðri, gítar eða trommum. Núna er þetta einnig partur af flest öllum tónlistaröppum. Þessi hljóðfæri kallast *software instruments*, *virtual instruments* eða *MIDI-instruments*. Í tónlistarappi eins og GarageBand er hægt að spila á þessi hljóðfæri á snertiskjá, tengja hljómborð við (midi-controller) eða láta þau spila sjálf.



Hér má sjá hvaða hljóðfæri eru í boði og hvernig þau virka.

Bass **Guitar** **Strings**

Þessi hljóðfæri leyfa þér að spila frjálst á skjánum (*Notes*), spila nótur úr ákveðnum tónstiga (*Scales*) eða þau spila sjálf! (*Smart Strings*)

Keyboard

Smart Piano spilar sjálf, en *Alchemy Synth* er notað til að spila sjálfur á píanó, orgel og alls konar hljómborð. *Sampler* leyfir þér að taka upp hljóð og breyta því í hljóðfæri!

World

Hljóðfæri sem passa fyrir heimstónlist.

Drums


Trommuheili sem leyfir þér að kasta tening, búa til takta eða spila sjálf/ur.

Drummer

Trommuheili sem leyfir þér að velja trommuleikara og tónlistarstíl.

Autoplay

Smart Instruments leyfir þér að spila hljóma með því að nota aðeins einn putta. Það er líka hægt að kveikja á *Autoplay* og þá má velja úr fjórum mynstrum sem henta fyrir hvert hljóðfæri, t.d. brotnir hljómar á píanói eða fingraplokk á gítar.



Trommuleikur.

Hér má sjá hvernig er hægt að raða trommum á skjáinn í *Drums*. Upp/niður stjórnar hversu fast trommurnar spila og hægri/vinstri hversu flókna ryþma. Einnig er hægt að kasta tening og sjá hvað kemur. *Drummer* virkar svipað, en þar er trommuleikarar sem spila pop, rokk, osfrv.

